



# Akstursíþróttasamband Íslands

Árspaning 7. mars 2015

Þriðja árspaning Akstursíþróttasambands Íslands var haldið í fundarsal E í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal laugardaginn 7. mars 2015 kl.10:00.

## 1. Þingsetning

Guðbergur Reynisson formaður Akstursíþróttasambands Íslands setti þingið og bauð félagsmenn velkomna á þriðja árspaning AKÍS innan ÍSÍ.

## 2. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar

Formaður lagði til að Hallgrímur Þorleifsson, Garðar Gunnarsson og Ingimundur Helgason skipuðu kjörbréfanefnd og var það samþykkt samhljóða.

## 3. Kosning þingforseta og þingritara

Formaður lagði til að Hafstein Pálsson yrði þingforseti og Þrándur Arnþórsson þingritari, sem samþykkt var samhljóða. Í framhaldi af því tók Hafsteinn við stjórn fundarins.

Hafsteinn spurði hvort einhver hefði athugasemdir við boðun ársþingsins. Það var ekki og lýsti hann því þingið löglegt.

## 4. Ávörp gesta

Á meðan kjörbréfanefnd starfaði fékk fundarstjóri samþykki til að ávörp gesta væru tekin fyrir.

Að því samþykktu flutti Hafsteinn Pálsson kveðjur framkvæmdastjórnar, forseta og starfsfólks ÍSÍ. Hafsteinn þakkaði stjórn AKÍS fyrir hennar þátt í mótun sambandsins og minnti á að ÍSÍ er ávallt tilbúið að þjóna samböndum. Hann kvað það skoðun sína og annarra að AKÍS verði gott, öflugt og sjálfstætt samband.

Jón Gestur Viggósson ávarpaði þingið og fagnaði sameiningu sambandsins og lýsti ánægju með fjárhagslega afkomu sambandsins.

## 5. Álit kjörbréfanefndar

Garðar Gunnarsson talaði fyrir fyrir kjörbréfanefnd og kvað þrettán fulltrúa með atkæðisrétt vera á þinginu, en von á kjörbréfi fyrir þann fjórtánda.

Fundarstjóri bað kjörbréfanefnd að starfa áfram og taka fyrir, kæmu fleiri kjörbréf fram.

## 6. Sameining Akstursíþróttasambands Íslands og AKIS

Fundurinn samþykkti með öllum greiddum atkvæðum að sameina þessi tvö sambönd.

## 7. Kosning um samþykkt laga nýs sambands

Lög hins nýja sambands voru borin upp og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

## 8. Skýrsla stjórnar lögð fram og kynnt

Guðbergur Reynisson fráfarandi formaður rakti sögu sambandsins og aðdraganda að stofnun þess og benti á að AKÍS stæði nú á tímamótum þar sem akstursíþróttir sem falla undir FIA séu nú komnar í eitt sérsamband innan ÍSÍ. Þá flutti hann og starfsskýrslu síðastliðins árs og vonaðist til að verkefni þau sem hafist var handa við en ekki lokið verði haldið áfram og lokið eins og stefnt var að.

## 9. Endurskoðaðir reikningar AKÍS lagðir fram og kynntir

Ari Jóhannsson gjaldkeri las reikninga félagsins fyrir rekstrarárið 2014. Hann benti á að þetta væri sameiginlegt uppgjör fyrir bæði samböndin, þar sem rekstur þeirra var sameinaður á árinu 2014. Á árinu var lokið við að semja um uppgjör og greiðslur eldri skulda og hefði síðasta greiðslan átt sér stað í vikunni fyrir þetta ársþing. Það væri mikill áfangi.

## 10. Umræður og samþykkt reikninga

Hafsteinn Pálsson ræddi um tekjuflæði sambandsins og benti á að útbreiðslustyrkur kemur úr Lottóinu. Ríkisstyrkur kom inn á fjárlög fyrir nokkrum árum.

Guðbergur Reynisson nefndi að búið er að greiða niður skuldir og hægt að byggja upp sterkt samband. Ari Jóhannsson lagði áherslu á að gera eigi góðar umsóknir um styrki til FIA.

Reikningar sambandsins voru síðan bornir upp og samþykktir samhljóða.

## 11. Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram

Þrándur Arnþórsson fór yfir fjárhagsáætlun Akstursíþróttasambands Íslands fyrir árið 2014.

## 12. Umræður um fjárhagsáætlun

Ingimundur Helgason benti á að uppgjör eldri skulda ættu ekki að færast beint til gjalda.

Hafsteinn Pálsson benti á að Lottótekjur væru óvissu háðar.

Fjárhagsáætlun var samþykkt samhljóða með lagfæringu.

## 13. Lagabreytingatillögur

Guðbergur kynnti lagabreytingartillögur og tilgang þeirra.

Þingforseti fékk síðan samþykki fundarins til þess að taka hverja lagagrein um sig fyrir og ljúka umræðum um hana og teljist hún þar með samþykkt. Að því loknu lagði þingforseti lagabreytingarnar í heild sinni fyrir þingið og voru þær samþykktar samhljóða.

Aftast í þessari fundargerð eru löggin eins og þau voru samþykkt.

## 14. Aðrar tillögur sem kynntar voru í fundarboði

Allar tillögur sem samþykktar er að finna aftast í þessari fundargerð.

### 14.1 Keppnisreglur 2015

Tillaga formannafundar AKÍS 2014 samþykkt samhljóða.

### 14.2 Verðlisti 2015

Tillaga stjórnar AKÍS samþykkt með breytingartillögu Garðars Gunnarssonar að ungliðar samkvæmt skilgreiningu ÍSÍ fái 50% afslátt af keppnisskirteinum.

### 14.3 Afreksstefna AKÍS

Samþykkt samhljóða.

### 14.4 Reglur um verðlaunaafhendingar á lokahófi AKÍS

Samþykkt samhljóða.

### 14.5 Reglugerð um heilsufar keppenda

Samþykkt með smávægilegri breytingu.

### 14.6 Reglugerð um aga- og úrskurðarnefnd

Samþykkt samhljóða.

### 14.7 Saga klúbbanna

Samþykkt með smávægilegri breytingu.

## **15. Teknar fyrir tillögur og önnur mál sem lögð hafa verið fyrir þingið og þingmeirihluti leyfir.**

### **15.1 Tryggingamál**

Tryggvi M. Þórðarson kynnti stöðu mála og sagði frá fundum sem haldnir hafa verið með tryggingarfélagunum, hverju í sínu lagi. Þá var einnig sagt frá fundi með fulltrúum Innanríkis- og fjármálaráðuneyta vegna tryggingarmála.

Skilningur er á því að hægt verði að aðgreina akstursíþróttir frá almennum umferðarlögum. Tryggingarfélag vilja gjarnan vinna í svipuðu umhverfi og gert er í löndunum í kringum okkur. Vátryggingarfjárhæðir koma vonandi fljótlega frá Fjármálaráðuneyti.

## **16. Álit kjörbréfanefndar**

Garðar Gunnarsson formaður kjörbréfanefndar tilkynnti að borist hefði eitt gilt kjörbréf í viðbót og væru því fjórtán fullgildir fulltrúar á þinginu.

## **17. Kosningar**

### **17.1 Formaður**

Tryggvi M. Þórðarson gaf kost á sér sem formaður og var það staðfest með lófataki.

### **17.2 Kosning þriggja stjórnarmanna til tveggja ára**

Kjörnir til næstu tveggja ára voru Helga Katrín Stefánsdóttir, Ragnar Róbertsson og Þórður Bragason.

### **17.2 Kosning þriggja manna í varastjórn**

Í varastjórn voru kjörnir Brynjar Gauti Schiöth, Jón Bjarni Jónsson og Guðbergur Reynisson, sem er rétt röð þeirra.

### **17.3 Kosning skoðunarmanna reikninga sambandsins**

Kosning þeirra Gunnars Bragasonar og Jóns Gests Viggóssonar samþykkt með lófataki.

### **17.4 Fulltrúar á íþróttaping ÍSÍ**

Samþykkt að vísa skipan fulltrúa á íþróttaping ÍSÍ til stjórnar.

### **17.5 Aga- og úrskurðarnefnd**

Samþykkt með lófataki skipan eftirtalinna í nefndina: Skúli Bjarnason hrl. formaður, Hannes J. Hafstein hdl. varaformaður, Þórhallur B. Jósefsson, Berglind Jónasardóttir og Árni Árnason  
Samþykkt með lófataki.

## **18. Þingslit**

Tryggvi M. Þórðarson þakkaði það traust sem honum er sýnt og hlakkar til að taka þátt í góðu samstarfi um framtíðaruppbyggingu öflugra akstursíþróttá á Íslandi.

Þingi slitið um kl. 14:20

Þinggerð ritaði Þrándur Arnþórsson.

## Viðauki 1 Kjörbréf

Skipting kjörbréfa var sem hér segir:

Klúbbur	Atkvæði
Bílaklúbbur Akureyrar (BA)	3
Kvartmíluklúbburinn (KK)	2
Akstursípróttafélag Hafnarfjarðar (AÍH)	2
Bifreiðaiþróttaklúbbur Reykjavíkur (BÍKR)	2
Akstursípróttafélag Suðurnesja (AÍFS)	1
Torfæraklúbbur Suðurlands (TKS)	1
Stimpill Akstursípróttafélag	1
Akstursípróttafélagið Start (Start)	1
Bílaklúbbur Skagafjarðar (BS)	1
<b>Samtals</b>	<b>14</b>

Auk þess var áheyrnarfulltrúi með málfrelsi og tillögurétt frá Flugbjörgunarsveitinni á Hellu.

## Viðauki 2 Mæting

Nafn	Félag
Ari Jóhannsson	AKÍS
Baldur Haraldsson	BS
Brynjar Schiöth	BA
Einar Gunnlaugsson	BA / AKÍS
Garðar H Gunnarsson	AÍFS
Guðbergur Reynisson	AKÍS
Guðmundur Höskuldsson	BÍKR
Gunnar Bjarnason	AÍH / AKÍS
Gunnar Hjálmarsson	AÍH
Hafsteinn Pálsson	ÍSÍ
Hallgrímur Þorleifsson	Stimpill
Helga Katrín Stefánsdóttir	TKS / AKÍS
Ingimundur Helgason	KK
Ingólfur Arnarson	KK
Jón Bjarni Jónsson	KK / AKÍS
Jón Gestur Viggósson	ÍSÍ
Jón Rúnar Rafnsson	BA
Kári Rafn Þorbergsson	FBSH
Ólafur Bragi Jónsson	Start
Ragnar Róbertsson	AKÍS
Tryggvi M Þórðarson	AKÍS
Þórður Bragason	BÍKR / AKÍS
Þrándur Arnþórsson	AKÍS